

# Fundargerð

## 9. fundar Hafnarnefndar Djúpavogshrepps kjörtímabilið 2018-2022

Fundur var haldinn í Hafnarnefnd Djúpavogshrepps að Bakka 1, Djúpavogi, föstudaginn 3. júlí 2020 kl. 08:30. Fundinn sátu Eiður Ragnarsson formaður, Sigurjón Stefánsson, og Stefán Guðmundsson hafnarvörður. Ævar Orri Eðvaldsson og Magnús Hreinsson boðuðu forföll. Formaður ritaði fundargerð og stjórnaði fundi.

### Dagskrá var eftirfarandi:

1. Staða á nýrri Hafnarvog
2. Kynning á gerð strandskipulags fyrir austfirði.
3. Erindi frá Búlandstindi óskað eftir umsögn um viðbyggingu.

- 
1. Hafnarvog sem búið var að biðja um afgreiðsu á er væntanlega tilbúin í Bandaríkjunum innan skamms og á að vera komin á Djúpavog á næstu 6 vikum. Vegna gengisbreytinga hefur veð hækkað eitthvað.

Hafnarnefnd samþykkir að gengið verði í verkið sem allra fyrst.

2. Vinna við gerð strandskipulags er nú hafin og eru nefndarmenn hvattir til að kynna sér hana og koma með ábendingar ef einhverjar eru inni á hafskipulag.is, en þar er öllum frjálst sem vilja að koma með athugasemdir og ábendingar.

3. Viðbygging við fiskverkahús Búlandstinds. Beðið er um umsögn Hafnarnefndar og Hafnarstjóra við tilögu að viðbyggingu við sunnanvert fiskvinnsluhús Búlandstinds. Um er að ræða móttöku fyrir frauðkassa.

Hafnarnefnd og hafnarvörður, telja að umrædd bygging sé óhenntug vegna annarar starfsemi við höfnina s.s. þjónustu við skemmtiferðaskip og einnig má benda á að almenningsalerni sveitarfélagsins sé í norðurenda faktorshússins og því hætt við töluverðri umferð á álagstímum.

Fleira ekki tekið fyrir fundi slitið kl 09:00